

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

1. gr.

Sorpeyðingagjald.

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

| | |
|-------------------|------------|
| Einbýlishús/ íbúð | 29.240 kr. |
| Sumarhús | 14.620 kr. |
| Lögbýli | 29.240 kr. |
| Atvinnuhúsnæði | 29.240 kr. |

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlum úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði sem birt eru í fasteignamati.

Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Sorpeyðingargjalds skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld skv. gjaldskránni miðast við vísitölu neysluverðs 1. desember 2014 (421 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps, 8. janúar 2015.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.